

Salóme B. Guðmundsdóttir:

Ágætu stóllur og skjaldmeyjar úr kosningabaráttunni. Hér erum við staddar í Skálholti, að aflokinni stuttri en snarpri kosningabaráttu, þar sem við uppskárum kannski ekki það sem við vildum, en kannski það sem við áttum skilið, eða hvað? Hvernig voru kosningaúrslitin? Voru þau eins og við áttum von á? Verri? - betri? - en við áttum von á? Voru þau eins og við áttum skilið?

Nýlega heyrði ég í útvarpi viðtal við kanadíska konu, prófessor, sem hélt hér á landi námskeið um konur og völd. Spurt var um hvernig konur gætu öðlast völd og hún gaf svar, sem hún sagði að væri ekki nægjanlegt því að það tæki venjulega nokkra daga að svara spurningunni, þ.e. hvernig konur gætu öðlast völd. En hún svaraði henni á þann veg, að þegar konur væru jákvæðar og þær fyndu móðinn svella í brjósti sér, fyndu sig eiga kraftinn, þann kraft sem breytir öllu, lifandi og dauðu, til betri vegar. Þessi kraftur, hann kæmi innan frá. Hann myndaðist við jákvætt hugarfar konunnar sjálfrar, þegar hún væri gefandi. Þegar hún væri það ljós í myrkrinu, í myrkri veröld nútímans. Þegar konan sjálf fyndi kraftinn, þá hefði konan öll þau völd sem hún hefur þörf fyrir. Völdin til þess að breyta þjóðfélaginu, völdin til þess að breyta heiminum.

Við kvennalistakonur höfum fundið þennan kraft svella í okkar brjóstum. Við höfum fundið þennan kraft svífa í loftinu á þeim fundum og þeim ráðstefnum og þeim landsfundum sem við höfum haldið á þeim árum sem við höfum starfað. Við höfum fundið þessa orku, þessa jákvæðni, svífa yfir vötnum. Hún hefur verið okkur styrkur. Hún hefur verið okkur mannþætandi í gegnum árin. En nú að lokum kosninganna, er ég met stöðuna aftur á bak, ef ég lít yfir farinn veg er kosningar eru liðnar '91, þá held ég, því miður, að við höfum ekki komið okkar boðskap nægjanlega vel til skila.

Við höfum ekki komið þessum undirstöðuatriðum Kvinnalistsans nægjanlega vel til skila og þá einkum og sér í lagi úti á landi. Það er það sem ég held að standi Kvinnalistanum í dag fyrir þrifum. Og það er það sem ég held að við kvinnalistakonur, ef við viljum hafa áhrif í framtíðinni á þjóðfélagið, það er það sem við þurfum að breyta. Við þurfum að virkja nýjar konur og jafnvel "nýtt fólk" innan gæsalappa til starfa innan hreyfingarinnar. Við þurfum hreinlega að hleypa karlmönnum í Kvinnalistan. Inn í Kvinnalistan en ekki kannski á lista. Við verðum, ef við ætlum að lifa að koma þeim krafti sem við finnum fyrir á fundum "í þröngum hópi klíkunnar", eins og við tölum stundum um sjálfar, á framfæri við hinn almenna kjósenda, við hinn almenna. Því að hinn almenni Íslendingur og hinn almenni kjósendi er farinn að gera sér grein fyrir því að það vantar eitthvað stórkostlegt í undirstöður íslenskra stjórn mála. Það hefur aldrei komið skýrar í ljós en einmitt nú þegar þessi Viðreisnar vonlausu stjórn, sem ég hef kallað í mínum huga, hefur tekið völdin. Vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn til að mynda er ekki sá sterki einsleiti hópur, flokkur sterkra karla sem vita hvað þeir vilja og stjórna í krafti styrkleikans. Það vantar undirstöðurnar. Það vantar að grunnurinn sé góður.

Á sandi byggði heimskur maður hús, á kletti byggði hygginn maður hús. Við kvinnalistakonur, kannski í okkar eigin hroka og blindni, viljum telja okkur sjálfar hyggjar konur sem byggjum á bjargi. Vegna þess að við erum ungar í baráttunni og höfum ekki misst sjónar á undirstöðunni í þessu öllu. Undirstöðunni í allri pólitískri baráttu. Við beinum enn sjónum að þeim punkti sem við viljum breyta í þjóðfélaginu til góðs fyrir okkur öll. Til góðs fyrir okkur konur, börnin, eiginmenn, bræður, systur, mæður og feður okkar, fyrir allt mannkyn, fyrir jörðina. Við beinum enn sjónum að grunninum í þessu öllu saman.

En við höfum starfað í 8 ár og við erum farnar að kunna aðeins á kerfið, en með þeirri kunnáttu megum við ekki kæfa okkur sjálfar. Við vitum orðið, alla vega sumar okkar, hvernig við eigum að breyta okkur til þess að breyta kerfinu. En með því að

breyta kerfinu breytum við ekki endilega þjóðfélaginu. Ég held að við ættum að hugsa um það í dag, á þessum fundi, þessa helgi, hvort við viljum breyta kerfinu eða hvort við viljum breyta þjóðfélaginu, og hvort við höfum komið okkar málefnum nægjanlega vel á framfæri. Ef svo er ekki, hvernig við eigum að virkja fleiri konur og karla til liðs við okkur. Hvernig við getum komið okkar sjónarmiðum betur á framfæri. Því það sem við stöndum fyrir er það sem vantar. Það er enn þörf fyrir okkur kvennalistakonur.

Í næstu kosningum held ég að ráðist hvort við eigum að lifa eða deyja. Ef okkur finnst nú að við eigum að halda áfram, þá skulum við stefna að því heils hugar. Það sem við þurfum að gera, er að gera það sem stendur og segir í þjóðsöng Kvennalistans, Dómar heimsins, þ.e. að treysta á röddina í eigin brjósti. Við verðum að trúá og treysta á valddreifinguna, grasrótina, án þess að við séum um leið svo tortryggjar út í "óvinina" innan gæsalappa, sem gætu þar með komist að okkar innstu hjartarótum. Kannski eins og Sigurður Fáfnisbani að orminum illa. Við megum ekki hugsa um það, við verðum að vera sannar og heilar og starfa sem slíkar. Í því felst styrkur okkar og í því felst okkar veikleiki. Þannig munum við annað hvort sigra eða detta út sem stjórn málafl. Og hvort heldur sem er þá er ég persónulega sátt við það. Ef við dettum út sem stjórn málafl þá efast ég ekki um að við munum finna okkur annan farveg sem við verðum jafn sáttar við eins og við erum í dag sáttar við og sammála Kvennalistanum.

Við verðum að hafa það að leiðarljósi að gera heiminn ögn betri, að gera Ísland ögn betra, að gera samtíðina betri fyrir íslensku þjóðina. Ef við trúum því, þá held ég að við þurfum engu að kvíða.